**154. löggjafarþing 2023–2024.**
**Þingskjal 1900 — 1035. mál.**
**Síðari umræða.**

**Prentað upp.**
Framsetning. Greinargerð.

# Breytingartillaga

**við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029.**

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (BLG).

1. Við töfluna **Rekstraryfirlit fyrir ríkissjóð (A1-hluta) árin 2025–2029.** Liðurinn **Skatttekjur** orðist svo:

| Ma.kr. | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|
| Skv. frumskjali | 1.134,2 | 1.194,0 | 1.254,1 | 1.313,3 | 1.378,1 |
| Breyting | 19,7 | 19,7 | 19,7 | 19,7 | 19,7 |
| *Samtals* | *1.153,9* | *1.213,7* | *1.273,8* | *1.333,0* | *1.397,8* |

2. Við töfluna **Heildarútgjöld málefnasviða árin 2025–2029** og töfluna **Útgjaldarammar málefnasviða árin 2025–2029.** Eftirfarandi liðir breytist sem hér segir:

| M.kr. á verðlagi 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|
| a. **08 Sveitarfélög og byggðamál** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 34.292 | 35.121 | 35.943 | 36.657 | 37.436 |
| Breyting | 15.000 | 15.000 | 15.000 | 15.000 | 15.000 |
| *Samtals* | *49.292* | *50.121* | *50.943* | *51.657* | *52.436* |
| b. **09 Almanna- og réttaröryggi** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 41.581 | 42.381 | 42.961 | 42.387 | 37.816 |
| Breyting | -4.028 | -528 | -528 | -528 | -528 |
| *Samtals* | *37.553* | *41.853* | *42.433* | *41.859* | *37.288* |
| c. **11 Samgöngu- og fjarskiptamál** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 62.752 | 61.954 | 63.019 | 62.273 | 61.977 |
| Breyting | 3.000 | 3.000 | 3.000 | 3.000 | 3.000 |
| *Samtals* | *65.752* | *64.954* | *66.019* | *65.273* | *64.977* |
| d. **15 Orkumál** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 14.955 | 12.266 | 12.280 | 12.293 | 12.306 |
| Breyting | 1.553 | 1.274 | 1.275 | 1.276 | 1.278 |
| *Samtals* | *16.508* | *13.540* | *13.555* | *13.569* | *13.584* |
| e. **16 Markaðseftirlit og neytendamál** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 4.151 | 4.268 | 4.389 | 4.515 | 4.646 |
| Breyting | 420 | 420 | 420 | 420 | 420 |
| *Samtals* | *4.571* | *4.688* | *4.809* | *4.935* | *5.066* |

| M.kr. á verðlagi 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
|---|---|---|---|---|---|
| f. **17 Umhverfismál** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 35.543 | 36.329 | 34.726 | 34.978 | 35.114 |
| Breyting | 4.490 | 4.572 | 4.405 | 4.432 | 4.446 |
| *Samtals* | *40.033* | *40.901* | *39.131* | *39.410* | *39.560* |
| g. **21 Háskólastig** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 66.801 | 68.265 | 69.764 | 68.851 | 69.476 |
| Breyting | 12.826 | 13.107 | 13.395 | 13.219 | 13.339 |
| *Samtals* | *79.627* | *81.372* | *83.159* | *82.070* | *82.815* |
| h. **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 5.642 | 5.495 | 5.448 | 5.451 | 5.404 |
| Breyting | 115 | 115 | 115 | 115 | 115 |
| *Samtals* | *5.757* | *5.610* | *5.563* | *5.566* | *5.519* |
| i. **23 Sjúkrahúsþjónusta** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 168.043 | 178.332 | 178.866 | 181.583 | 184.505 |
| Breyting | 2.664 | 2.664 | 2.664 | 2.664 | 2.664 |
| *Samtals* | *170.707* | *180.996* | *181.530* | *184.247* | *187.169* |
| j. **24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 90.439 | 91.328 | 92.735 | 94.489 | 95.428 |
| Breyting | 336 | 336 | 336 | 336 | 336 |
| *Samtals* | *90.775* | *91.664* | *93.071* | *94.825* | *95.764* |
| k. **27 Örorka og málefni fatlaðs fólks** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 108.467 | 120.190 | 121.755 | 123.344 | 124.955 |
| Breyting | 9.000 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| *Samtals* | *117.467* | *120.190* | *121.755* | *123.344* | *124.955* |
| l. **32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála** | | | | | |
| Skv. frumskjali | 11.660 | 11.616 | 11.495 | 11.374 | 11.253 |
| Breyting | 50 | 50 | 50 | 50 | 50 |
| *Samtals* | *11.710* | *11.666* | *11.545* | *11.424* | *11.303* |

## Greinargerð.

Í 1. tölul. er gerð tillaga um breytingar á tekjuhlið fjármálaáætlunar:

a. Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla lækki um 3,3 ma.kr. árlega.
b. Fjármagnstekjuskattur hækki um 15 ma.kr. árlega.
c. Kolefnisgjald hækki um 8 ma.kr. árlega.

Í 2. tölul. eru lagðar til breytingar á útgjaldaramma nokkurra málefnasviða:

Í a-lið, **08 Sveitarfélög og byggðamál,** er gerð tillaga um að 15.000 m.kr. hækkun fjármagnstekjuskatts renni sem ígildi útsvars í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í b-lið, **09 Almanna- og réttaröryggi,** er gerð tillaga um eftirfarandi:

a. Gerð er tillaga um aukið framlag að fjárhæð 420 m.kr. til héraðssaksóknara til að efla embættið og tryggja málsmeðferðarhraða.
b. Gerð er tillaga um að fella niður sóknargjöld og framlög til Þjóðkirkjunnar að fjárhæð 7.448 m.kr. sem byggjast á kirkjujarðasamkomulaginu.
c. Gerð er tillaga um 1 ma.kr. árlegt framlag til lögregluembættanna til að fjölga ársverkum í almennri löggæslu og rannsóknarvinnu.
d. Lagt er til að veittir verði 24 ma.kr. á tímabilinu til byggingar samhæfingarmiðstöðvar viðbragðsaðila.

Í c-lið, **11 Samgöngu- og fjarskiptamál,** er gerð tillaga um 3.000 m.kr. framkvæmdafé til hjóla- og göngustíga. Af þeirri fjárhæð eru:

a. 1.000 m.kr. til að flýta framkvæmdum þeirra verkefna sem eru skipulögð samkvæmt samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins,
b. 1.000 m.kr. til uppbyggingar hjóla- og göngustíga í nágrenni höfuðborgarsvæðisins,
c. 1.000 m.kr. til uppbyggingar hjóla- og göngustíga annars staðar á landinu.

Í d-lið er gerð tillaga um hækkun framlaga til málefnasviðsins **15 Orkumál.**

Í e-lið, **16 Markaðseftirlit og neytendamál**, er gerð tillaga um hækkun framlaga til að efla Samkeppniseftirlitið.

Í f-lið, **17 Umhverfismál,** er gerð tillaga um almenna hækkun framlaga til málefnasviðsins um 3,690 m.kr. Auk þess er gerð tillaga um hækkun framlaga til Loftslagssjóðs um 800 m.kr.

Í g-lið er gerð tillaga um hækkun framlaga til málefnasviðsins **21 Háskólastig.**

Í h-lið, **22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála**, er gerð tillaga um framlag til að efla íslenskukennslu fyrir innflytjendur.

Í i-lið, **23 Sjúkrahúsþjónusta,** er gerð tillaga um:

a. 326 m.kr. framlag til viðhalds eða nýframkvæmda vegna Landspítalans,
b. 838 m.kr. vegna tækjakaupa,
c. 500 m.kr. vegna stafvæðingar,
d. 300 m.kr. vegna kennslu,
e. 700 m.kr. vegna þjónustutengdrar fjármögnunar.

Í j-lið, **24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa,** er gerð tillaga um hækkun framlags og lagt til að framlagið skiptist í samræmi við íbúafjölda heilbrigðisumdæma.

Í k-lið, **27 Örorka og málefni fatlaðs fólks,** er lagt til að veittir verði 9 ma.kr. til fjármögnunar afturvirkra réttinda frá 1. janúar.

Í l-lið, **32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála,** er gerð tillaga um hækkun framlaga til eflingar fræðslu vegna hinseginleika.